Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

Minnisblað

Viðtakandi:	**Ráðherranefnd um samræmingu mála**
Sendandi:	**Ferðamála-; iðnaðar- og nýsköpunarráðherra**
Dagsetning:	**27.09.2019**
Málsnúmer:	**ANR19030428**
Bréfalykill:	**00.05**

Efni: Áherslur í uppbyggingu flutningskerfis raforku. Staða mála og tillögur til úrbóta.

1. Bakgrunnur.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er undirstrikuð þörfin á því að treysta og efla flutningskerfi raforku. Nánar segir þar í kaflanum um byggðamál:

"Flutnings- og dreifikerfi raforku verður að mæta betur þörfum atvinnulífs og almennings alls staðar á landinu. Uppbygging kerfisins getur stutt við áætlanir um orkuskipti sem miða að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, t.d. með því að hraða þrífösun rafmagns, með varmadæluvæðingu á köldum svæðum, innviðum fyrir rafbíla og rafvæðingu hafna."

Einnig kemur eftirfarandi fram í kaflanum um umhverfis- og auðlindamál:

"Forgangsverkefni ríkisstjórnarinnar verður að nýta með sem hagkvæmustum hætti þá orku sem þegar hefur verið virkjuð. Í þeim tilgangi þarf að treysta betur flutnings- og dreifikerfi raforku í landinu, tengja betur lykilsvæði og tryggja afhendingaröryggi raforku um land allt. Skoðað verður að hve miklu leyti má nýta jarðstrengi í þessar tengingar með hagkvæmum hætti. Ekki verður ráðist í línulagnir yfir hálendið. Ljóst er að stjórnsýslumeðferð ákvarðana sem tengjast línulögnum hefur tekið verulegan tíma vegna ýmissa þátta. Mikilvægt er að hraða málsmeðferð þar sem það er hægt samkvæmt gildandi lögum, t.d. með því að styrkja úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála."

Til að fylgja eftir þessum áherslum í stjórnarsáttmálanum lagði ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra fram á Alþingi í febrúar 2018 tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku. Var hún samþykkt í júní sama ár og samkvæmt henni ályktar Alþingi að eftirfarandi áhersluatriði skuli leggja til grundvallar við uppbyggingu á flutningskerfi raforku:

"1. Flutningskerfi raforku er hluti af grunninnviðum samfélagsins, með sambærilegum hætti og samgöngu- og fjarskiptainnviðir, og ein af mikilvægum forsendum fjölbreyttrar atvinnu- og byggðaþróunar.
2. Tryggja ber að flutningskerfið geti á hverjum tíma mætt þörfum raforkunotenda og stuðlað að þeim þjóðhagslegu markmiðum sem fram koma í raforkulögum.
3. Treysta skal flutningskerfið betur, tengja betur lykilsvæði og tryggja afhendingaröryggi raforku um land allt. Skulu Eyjafjarðarsvæði, Vestfirðir og Suðurnes vera sett í forgang.
4. Skoða skal að hve miklu leyti megi nýta jarðstrengi með hagkvæmum hætti við uppbygginguna. Ekki verði ráðist í línulagnir yfir hálendið.
5. Gæta skal jafnvægis milli efnahagslegra, samfélagslegra og umhverfislegra áhrifa við uppbygginguna.
6. Standa skal að uppbyggingunni á opinn og fyrir fram skilgreindan hátt innan ramma kerfisáætlunar, þar sem valkostagreiningar eru lagðar til grundvallar.
7. Styrking og uppbygging á flutningskerfinu skal miða að því að auka afhendingaröryggi raforku á landsvísu með sérstakri áherslu á þau landsvæði sem búa við skert orkuöryggi. Þá skulu möguleikar

til fjölbreyttrar atvinnusköpunar á landsvísu hafðir að leiðarljósi við uppbygginguna. Allir afhendingarstaðir í meginflutningskerfinu skulu árið 2030 vera komnir með tengingu sem tryggi að rof á stakri einingu valdi ekki takmörkunum á afhendingu eða afhendingarrofi. Allir afhendingarstaðir í svæðisbundnum hlutum flutningskerfisins skulu árið 2040 vera komnir með tengingu sem tryggi að rof á stakri einingu valdi ekki takmörkunum á afhendingu eða afhendingarrofi. Fram að þeim tíma skal leitast við að tryggja afhendingaröryggi fyrir svæðisbundin flutningskerfi með afli innan svæðis.
8. Tryggja skal að flutningskerfið mæti þörfum fyrir aukin orkuskipti í samgöngum og haftengdri starfsemi, m.a. að því er varðar innviði fyrir rafbíla, notkun raforku í höfnum og raforku til fiskimjölsbræðslna.
9. Þegar framkvæmd í flutningskerfinu tekur til fleiri en eins sveitarfélags skal tryggja að ákvarðanir um einstaka jarðstrengskafla, þegar það á við, byggist á heildstæðu mati á þeim hluta flutningskerfisins þar sem lengd jarðstrengskafla er háð takmörkunum og innbyrðis háð. Í slíkum tilvikum skal miða að því að jarðstrengskaflar séu nýttir á þeim svæðum þar sem jarðstrengur hefur í för með sér mestan ávinning umfram loftlínu.
10. Við val á línuleið fyrir raflínur skal gæta að verndarákvæðum friðlýstra svæða samkvæmt lögum um náttúruvernd, svæða sem njóta verndar samkvæmt sérlögum og réttaráhrifum skráningar á náttúruminjaskrá skv. 37. gr. laga um náttúruvernd. Forðast ber einnig að raska, nema brýna nauðsyn beri til, svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd.
11. Við uppbygginguna skal tryggja, eins og kostur er, hagkvæmt flutnings- og dreifiverð til allra raforkunotenda.
12. Leita skal leiða til að draga úr sjónrænum áhrifum með þróun nýrra flutningsmannvirkja sem falla betur að umhverfinu og velja stæði þannig að sjónræn áhrif eða önnur umhverfisáhrif séu sem minnst. Leitast skal við að raska ekki ósnortnu svæði ef aðrar lausnir koma til greina.
13. Jarðstrengi skal svo sem kostur er leggja meðfram vegum.
14. Nýta skal núverandi línustæði við lausnir á aukinni flutningsþörf ef aðstæður leyfa, með endurbyggingu og/eða spennuhækkun, fjölgun eða stækkun leiðara á línum eða öðrum þekktum aðferðum.
15. Afhendingaröryggi raforku skal metið við valkostagreiningu, sem og kostnaður við að tryggja það.
16. Tryggja skal raforkudreifingu og raforkuöryggi með tilliti til mögulegra náttúruhamfara."

Framangreind þingsályktun nr. 26/148 hefur ákveðna stöðu lögum samkvæmt þar sem í 39. gr. a raforkulaga, nr. 65/2003 segir að ráðherra skuli á fjögurra ára fresti leggja fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku. Einnig kemur fram í 9. gr. raforkulaga að flutningsfyrirtækið Landsnet skuli byggja flutningskerfið upp að teknu tilliti til stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku. Og að nánari útfærsla mannvirkja vegna uppbyggingar flutningskerfisins ráðist af stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku. Endurspeglast þessar áherslur þingsályktunarinnar því í kerfisáætlun Landsnets, sem lögð er fram árlega.

Af framangreindu má ráða að vilji Alþingis og ríkisstjórnar er skýr þegar kemur að áherslum varðandi uppbyggingu flutningskerfis raforku.

2. Staða mála í uppbyggingu flutningskerfis raforku.
Meðfylgjandi er yfirlit yfir núverandi lykilverkefni Landsnets í flutningskerfi raforku og stöðu þeirra. Um er að ræða Kröflulínu 3, Hólasandslínu 3, Suðurnesjalínu 2, Blöndulínu 3 og Lyklafellslínu.

Af meðfylgjandi yfirliti má sjá að verulegar tafir hafa orðið á mikilvægum framkvæmdum í flutningskerfi raforku og er staða þeirra ekki í samræmi við vilja Alþingis eins og hann birtist í þingsályktun nr. 26/148, eða vilja ríkisstjórnar samanber framangreindar áherslur í stjórnarsáttmála. Fyrir því eru ýmsar ástæður sem m.a. má rekja til núverandi regluverks þegar kemur að leyfisveitingarferlum vegna framkvæmda, sem og málshraða innan lykilstofnana.

3. Tillögur til úrbóta.
Til skoðunar hafa verið breytingar á regluverki leyfisveitinga til einföldunar og samhæfingar og er í fylgiskjali við minnisblað þetta að finna nánari umfjöllun og hugmyndir um samþættingu ferla. Tillögurnar miðast við að í innviðaverkefnum séu verkefnin sjálf höfð í forgrunni þvert á opinber ferli. Þannig væru verkefnin rekin í sameinuðu opinberu ferli með einni ákvörðun. Slíkt ferli myndi auka skilvirkni og jafnframt auðvelda aðkomu umsagnaraðila, hagsmunaaðila og almennings, en þó ekki draga úr efnislegum kröfum til undirbúnings verkefna.

Ljóst er að lagabreytingar á regluverki munu taka tíma og kalla á víðtækt samráð. Að sama skapi er mikilvægt að bregðast skjótt við þeim vanda sem er uppi varðandi ákveðnar lykilframkvæmdir í flutningskerfi raforku, og lýst hefur verið hér að framan. **Til skemmri tíma er því lagt til að skoðað verði með hvaða hætti unnt sé að fara í átaksverkefni til að sinna þeim málum sem eru til meðhöndlunar hjá Skipulagsstofnun og varða framangreindar framkvæmdir, þannig að stofnuninni sé gert kleift að afgreiða erindi innan lögbundinna tímafresta.**

Hjálagt:
1. Yfirlit yfir fimm brýnustu verkefni Landsnets við uppbyggingu flutningskerfis raforku, í samræmi við kerfisáætlun, og staða þeirra.
2. Yfirlit yfir núverandi málsmeðferð vegna framkvæmda í flutningskerfi raforku. Hugmyndir um samþættingu ferla.

Yfirlit yfir fimm brýnustu verkefni Landsnets við uppbyggingu flutningskerfis raforku, í samræmi við Kerfisáætlun, og staða þeirra

1. Kröflulína 3

- Kröflulína 3 fer um þrjú sveitarfélög: Skútustaðarhrepp, Fljótsdalshérað og Fljótsdalshrepp. Áætluð lengd línunnar er 122 km og mun hún liggja að mestu samsíða Kröflulínu 2, frá tengivirki við Kröflustöð að tengivirkinu við Fljótsdalsstöð.

- Drög að matsáætlun kynnt 5. desember 2012. Skipulagsstofnun tekur við matsáætlun og kynnir 25. febrúar 2013. Skipulagsstofnun tekur ákvörðun um matsáætlunina 9. ágúst 2013. **Ákvörðunarferlið var í heildina 23,5 vikur en á að vera 4 vikur samkvæmt lögum.**

- Úrskurðarnefnd umhverfis og auðlindamála hafði kæru Landsnets vegna ákvörðunar Skipulagsstofnunar til meðferðar í **rúma 20 mánuði** frá 6. september 2013 til 7. maí 2015. **Lög gera ráð fyrir að unnið sé úr kærum til nefndarinnar á 3 til 6 mánuðum.**

- Drög frummatsskýrslu send til Skipulagsstofnunar 18. nóvember 2015. Skipulagsstofnun kallar eftir sérfræðiáliti vegna jarðstrengs. Skipulagsstofnun auglýsir frummatsskýrsluna 16. mars 2017.

- Landsnet sendir Skipulagsstofnun endanlega matsskýrslu 17. júlí 2017 og álit Skipulagsstofnunar kemur til baka 6. desember 2017. **Samkvæmt lögum á að taka 4 vikur fyrir Skipulagsstofnun að gefa álit en tók 20,5 vikur í þessu tilviki.**

- Landsnet óskar eftir skipulagsbreytingum í byrjun árs 2018. Skipulagsbreytingar tóku rúmt ár.

- Framkvæmdaleyfi veitt af Fljótsdalshéraði 14. mars 2019, Fljótsdalshreppi 3. maí 2019 og Skútustaðahrepp 21. maí 2019.

- Staðan í dag er sú að framkvæmdir eru hafnar við slóðagerð og frágang á undirstöðum mastra.

2. Hólasandslína 3

- Verkefnið samanstendur af tveimur tengivirkjum, á Hólasandi og Rangárvöllum ásamt línu og strengs milli þeirra. Deiliskipulag er í kynningu fyrir tengivirkið á Hólasandi og unnið er að breytingum á byggingarreit fyrir Rangarárvelli. Umhverfismat fyrir Hólasandslínu 3 er lokið og hefur verið sent til Skipulagsstofnunar.

- Drög að matsáætlun kynnt 4. janúar 2017.

- Skipulagsstofnun tekur við matsáætlun og kynnir 21. ágúst 2017. Skipulagsstofnun tekur ákvörðun um matsáætlunina 5. janúar 2018. Frá því að kynningartími hefst og honum lýkur skal lögum samkvæmt vera **samtals 4 vikur, en fyrir Hólasandslínu tók ferlið 19,5 vikur.**

- Drög frummatsskýrslu send til Skipulagsstofnunar 5. júlí 2018.

- Skipulagsstofnun auglýsir frummatsskýrsluna 9. nóvember 2018. **Samkvæmt lögum á að taka 4 vikur fyrir Skipulagsstofnun að gefa álit en nú eru komnar 22 vikur síðan matskýrslu var skilað inn.**

3. Suðurnesjalína 2

- Suðurnesjalína 2 er á milli Hamraness í Hafnarfirði og Rauðamels í Grindavík. Framkvæmdin er mikilvæg fyrir meginflutningskerfið og tengingu milli Suðurnesja og höfuðborgarsvæðisins.

- Drög að matsáætlun kynnt 18. janúar 2018. Skipulagsstofnun tekur við matsáætlun og kynnir 16. apríl 2018. Skipulagsstofnun tekur ákvörðun um matsáætlunina 6. júlí 2018. Frá því kynningartími hefst og honum lýkur **skal taka samtals 4 vikur en fyrir Suðurnesjalínu 2 tók ferlið alls 11,5 vikur.**

- Drög að frummatsskýrslu send til Skipulagsstofnunar 21. janúar 2019. Athugasemdir Skipulagsstofnunar við drög að frummatsskýrslu berast Landsneti 8. mars 2019. **Samkvæmt lögum á þetta ferli að taka 2 vikur en voru í þessu tilviki 6,5 vikur.**

- Skipulagsstofnun auglýsir frummatsskýrsluna 4. júní 2019. Kynning frummatsskýrslu stóð í 6 vikur og lauk þeirri kynningu 18. júlí 2019. Síðustu umsagnir/athugasemdir bárust frá Skipulagsstofnun 6. ágúst 2019.

- Alls bárust 17 athugasemdir við frummatsskýrslu Suðurnesjalínu 2. Athygli er vakin á því að Reykjanesbær og Sveitafélagið Vogar gerðu athugasemd við aðalvalkost og gera kröfur um valkost sem fellur ekki að stefnu stjórnvalda. Athugasemd kemur frá Reykjanesbæ um loftlínu þrátt fyrir að á aðaskipulagi Reykjanesbæjar sé gert ráð fyrir loftlínu þar sem aðalvalkostur C er í frummatsskýrslu.

- Næsta skref er að senda inn matskýrslu fyrir Suðurnesjalínu 2 til Skipulagsstofnunar.

4. Blöndulína 3


- Markmiðið með Blöndulínu 3, 220 kV raflínu milli Blöndustöðvar og Akureyrar er að tryggja stöðugleika raforkukerfisins á Norður- og Austurlandi svo það ráði betur við truflanir, auka hagkvæmni í orkuvinnslunni með samtengingu virkjanasvæða og þjóna allri uppbyggingu og núverandi starfsemi á Norður- og Austurlandi.

- Vinna við umhverfismat er að hefjast.

5. Lyklafellslína

- Er frá fyrirhuguðu nýju tengivirki við Lyklafell að Straumsvík og Ísallínu 3 frá tengivirkinu við Hamranes að Straumsvík. Framkvæmdir eru forsenda þess að hægt sé að rífa Hamraneslínu 1 og 2 frá Geithálsi að Hamranesi og Ísallínu 1 og 2 frá Hamranesi að álverinu í Straumsvík.

- Vinna við umhverfismat er að hefjast.


Hólasandslína 3
Blöndulína 3
Kröflulína 3
Suðurnesjalína 2
Lykilfellslína 1
Lykiltjárfestingar
Tengivirki
Núverandi meginflutningskerfi

YFIRLIT YFIR NÚVERANDI MÁLSMEÐFERÐ VEGNA FRAMKVÆMDA Í FLUTNINGSKERFI RAFORKU.

HUGMYNDIR UM SAMÞÆTTINGU FERLA.

Undirbúningur umfangsmikilla framkvæmda í flutningskerfi raforku felur í sér málsmeðferð af ýmsum toga. Hver þeirra byggir á lagaákvæðum sértækra laga, sem skilgreina ferla sem framkvæmdaraðili og stjórnsýsla þurfa að vinna eftir. Helst ber þar að nefna skipulagsáætlanir, kerfisáætlun, umhverfismat áætlana, mat á umhverfisáhrifum og framkvæmdaleyfi. Undirbúningur slíkra framkvæmda nær því til raforkulaga, laga um umhverfismat áætlana, laga um mat á umhverfisáhrifum, skipulagslaga og viðkomandi reglugerða.

Undanfarin ár hefur umræða skapast um að skoða nánar möguleika á samþættingu málsmeðferðar með einhverjum hætti, án þess að slá af efnislegum kröfum til framkvæmda og framkvæmdaaðila.

Í núverandi kerfi þarf að vinna að undirbúningi framkvæmda á forsendum nokkurra lögbundinna ferla, sem illa hefur gengið að vinna samtímis. Bæði er það vegna þess að lagaákvæði gera ekki ráð fyrir því og í þeim tilvikum sem það er lagalega hægt, hefur það ekki alltaf gengið sem skyldi, mögulega vegna þess að óvissa er um hlutverk og ábyrgð þeirra sem að málinu koma.

Til að ávinningur við samþættingu ferla sem tengjast undirbúningi framkvæmda verði sem mestur er mikilvægt að það feli í sér að viðkomandi ferlum **verði veitt í einn og sama farveginn sem fyrst í ferlinu**. Með því næst sem mest skilvirkni og hverju verkefni er snemma í undirbúningsferlinu markaður skýr rammi.

Með því að samræma málsmeðferð, í stað þess að unnið sé að úrlausn sama máls í mörgum aðskildum ferlum, þá skapast betri grundvöllur til þess að setja saman inn í eina gátt allar tilheyrandi upplýsingar (t.d. gögn og umsagnir), sem snúa að skipulagi, umhverfismati og fleiri þáttum framkvæmdar.

Í þessu skyni má horfa til hvernig nágrannaþjóðir okkar, t.d. Noregur, nálgast sambærileg viðfangsefni. Ýmsar leiðir eru að samþættingu ferla. Í þessari samantekt er lögð fram hugmynd (til frekari skoðunar) sem felst í því að strax frá upphafi er tvinnuð saman:

- Málsmeðferð skipulagsbreytinga og umhverfismats þeirra, ef um er að ræða fleiri en eitt sveitarfélag væri samt sem áður um að ræða „eitt skipulag“. [1]
- Málsmeðferð mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.[2]
- Málsmeðferð við útgáfu framkvæmdaleyfa.[3]

---

[1] Ákvæði þessa efnis er í núgildandi Skipulagslögum nr. 123/2010 og lögum um umhverfismat áætlana nr.105/2006.

[2] Ákvæði þessa efnis er í núgildandi lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

[3] Ákvæði þessa efnis er í Skipulagslögum og framkvæmdaleyfisreglugerð nr. 772/2012.

Útkoman væri **ein** „samþykkt", sem fæli í sér sameiginlegt innviðaskipulag í einu eða fleiri sveitarfélagi, umhverfismat og leyfi fyrir framkvæmdum í viðkomandi sveitarfélögum. Skipulagið tæki eingöngu til framkvæmda í flutningskerfi raforku (raflínur). Kynning og aðkoma almennings yrði með sama hætti og áður, nema nú bara í tengslum við eina málsmeðferð í stað margra í núverandi kerfi.

Hugmynd að samþættri málsmeðferð.

1. Þegar fyrir liggur samþykki Orkustofnunar á framkvæmdum á framkvæmdaáætlun eða verkefna á staðfestri 10 ára kerfisáætlun, skapast forsendur fyrir því að stofnuð sé „raflínunefnd" viðkomandi framkvæmdar[4]. Eftirfarandi er hugmynd að skipun í nefndina, en ljóst að skýrt verklag þarf að liggja fyrir um skipun, ábyrgð, o.fl. er snýr að fulltrúum nefndarinnar.
   - „Raflínunefndin" þarf að vera skipuð aðilum sem hafa faglega þekkingu á umhverfismati og geta borið ábyrgð á framfylgd mats á umhverfisáhrifum sbr. ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum, sem falið er Skipulagsstofnun.
   - Viðkomandi sveitarfélög verða að eiga fulltrúa í nefndinni. Mögulega má taka mið af hvernig skipað er í svæðisskipulagnefndir skv. 9. gr. skipulagslaga.
   - Orkustofnun hefur það hlutverk að afgreiða kerfisáætlun þar sem m.a er tekin ákvörðun um aðalvalkost hverrar framkvæmdar (í framkvæmdahluta) þar sem stefna stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfisins er forsenda ákvörðunar. Stofnunin þyrfti því að hafa aðkomu að nefndinni.
2. Landsnet vinnur að undirbúningi áætlunar um fyrirhugaða vinnu vegna skipulagsbreytinga og umhverfismats.
   - Mikilvægt er að Landsnet vinni áætlunina í samráði við viðeigandi hagsmunaaðila, sem geta t.d. verið landeigendur, fagstofnanir eða hagsmunasamtök. Í stærri verkefnum getur slíkt samráð m.a. farið fram í verkefnaráði.
   - Í áætluninni er gerð grein fyrir því samráði sem Landsnet viðhafði á undirbúningstímanum.
   - Í áætluninni er meðal annars gerð grein fyrir þeim valkostum sem lagt er til að teknir verði til mats.
3. „Raflínunefndin" fær áætlunina til yfirferðar og uppfylli hún skilyrði sem sett eru um form slíkra áætlana (m.a. nauðsynlegt samráð), veitir hún Landsneti heimild til að auglýsa áætlunina sem óskar umsagna og athugasemda, sem sendar eru til Landsnets.[5]
4. Að loknum auglýsingartíma vinnur Landsnet úr ábendingum sem bárust á kynningartíma og uppfærir áætlunina með tilliti til ábendinganna og sendir til „raflínunefndar".
5. „Raflínunefnd" afgreiðir áætlunina. Synjar, samþykkir eða samþykkir með athugasemdum.

---

[4] Hér má tengja við ákvæði c. liðar 9. gr. í raforkulögum um stöðu kerfisáætlunar gagnvart skipulagi sveitarfélaga.

[5] Hér er tenging í 1.mgr. 30. gr. skipulagslaga og 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.

6. Landsnet vinnur að skipulagsbreytingu og umhverfismati, sem sett er fram í skipulagstillögu og umhverfismatsskýrslu[6]. Á þessu stigi er lagður fram rökstuddur aðalvalkostur og sendur til „raflínunefndar".
7. „Raflínunefnd" fer yfir skipulagið og skýrsluna og fer yfir hvort formleg og efnisleg skilyrði séu uppfyllt, m.a annars hvort unnið hafi verið eftir samþykktri áætlun sbr. lið 5.
   - Ef nefndin telur að bæta þurfi efni eða framsetningu gagnanna kemur hún þeim ábendingum á framfæri til Landsnets, sem uppfærir gögn fyrir auglýsingu.
   - Geri nefndin ekki athugasemdir veitir hún Landsneti heimild til að auglýsa skýrsluna og skipulagstillögu, þar sem óskað er umsagna og athugasemda.
8. Landsnet vinnur úr ábendingum sem bárust á kynningartíma og uppfærir skipulagstillögu og umhverfismatsskýrslu. Sendir til „raflínunefndar".
9. „Raflínunefnd" yfirfer skipulagstillögu og endanlega umhverfisskýrslu og vinnur að samþykki.
   - Hér þarf að móta skýran ramma um vinnu nefndarinnar í lokaafgreiðslu hennar, m.a. hvort til þurfi að koma úrskurðarvald. Mögulega má hér skoða ákvæði um ágreining samliggjandi sveitarfélaga í 34. gr. skipulagslaga.
10. „Raflínunefnd" staðfestir skipulag og veitir samþykki/leyfi til framkvæmda í einni og sömu ákvörðuninni og getur lagt til frekari mótvægisaðgerðir.
    - Skipulagið er sjálfstætt skipulag og þarf ekki að færa samhliða inn í skipulagsáætlanir viðkomandi sveitarfélaga. Hins vegar sé framkvæmdinni gerð skil í næstu endurskoðun viðkomandi sveitarfélaga, þ.e. sé um breytingu að ræða frá eldra skipulagi.
    - Á þessu stigi eiga að liggja fyrir fullnægjandi upplýsingar um fyrirhugaða framkvæmd aðalvalkostar og mat á umhverfisáhrifum hans. Skipulagstillagan og umhverfisskýrslan eiga því að veita fullnægjandi upplýsingar til að byggja á endanlega ákvörðun.
    - Samþykkið felur í sér staðfestingu á því að fyrir liggi fullnægjandi mat á áhrifum framkvæmdanna á umhverfið. Gildistími sambærilegur og álit Skipulagsstofnunar, skv. 12. gr. laga um mat á umhverfismat. Samþykkið felur í sér leyfi til að hefja framkvæmdir.
11. Skipulagið og samþykkið/leyfið er kæranlegt til úrskurðarnefndar, sbr. ákvæði laga þar um.
12. Áður en framkvæmdir hefjast þarf Landsnet að senda „raflínunefndinni" upplýsingar um hvort breytingar hafi orðið á framkvæmdinni eða öðrum forsendum frá því afgreiðsla nefndarinnar lá fyrir. Nefndin tekur afstöðu til þess hvort breyttar forsendur leiði til frekari málsmeðferðar gagnvart nefndinni, þannig að tryggt sé að framkvæmd sé í samræmi við upphafleg áform.

[6] Hér er tenging í 30. gr. skipulagslaga, 6. gr. laga um umhverfismat áætlana og 9. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.

Ljóst er að framangreind hugmynd að fyrirkomulagi málsmeðferðar þarfnast breytinga á nokkrum lögum og frekari úrvinnslu og samráðs. Í núgildandi lögum eru ákvæði um tímafresti á auglýsingum kynningargagna og afgreiðslu stjórnvalda. Það má sjá fyrir sér að þeir tímafrestir geti staðið að mestu óbreyttir, en tímasparnaður fæst með því að búa til einn feril úr nokkrum og augljós ávinningur í að sameina í einn feril nokkra tímafreka ferla sem ekki vinna saman í núverandi kerfi.

Ýmsar aðrar leiðir er hægt að fara við samþættingu ferla, t.d. með því samstilla í tíma aðskilda ferla, þar sem þeir væru jafnvel teknir saman á ákveðnum stöðum á leiðinni og fleiri en eitt leyfi/skipulag/samþykkt væri gefið út samtímis. Eða með því að færa það í hendur einhvers stjórnvalds að taka saman aðskilin leyfi/samþykktir (sem hvert um sig hafa fengist eftir aðskilda ferla), fyrir tiltekna framkvæmd og veita eitt lokasamþykki/leyfi.

Sú hugmynd sem hér er lögð fram byggir á því að mestur ávinningur felist í samþættingu ferla með því að koma þeim sem fyrst í einn sameiginlegan farveg.

Yfirlit yfir núverandi málsmeðferð

KERFISÁÆTLUN OG UMHVERFISMAT ÁÆTLANA	
	**Matslýsing umhverfismats**
	Samráð og kynning
	**10 ára langtímaáætlun + umhverfismat**
	**3 ára framkvæmda-áætlun + umhverfismat**
	Samráð og kynning
	**Uppfærð áætlun send OS**
	Samráð og kynning OS
	OS afgreiðir áætlun
	Kæruheimild

AÐALSKIPULAG OG UMHVERFISMAT ÁÆTLANA	
	Samræming skipulagsáætlana og kerfisáætlun
	Samtal milli Landsnets og sveitarfélaga
	Skipulagsbreytingar þurfa opinbera kynningu á nokkrum stigum
	Mögulega þarf deiliskipulag
	Staðfesting Skipulagsstofnunar á aðalskipulagsáætlunum Sveitarfélög staðfesta deiliskipulag
	Kæruheimild vegna deiliskipulags

MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM	
	**Tillaga að matsáætlun**
	Samráð og kynning tvisvar í ferlinu
	Ákörðun Skipulagsstofnunar
	**Frummatsskýrsla**
	Kynning og samráð
	**Matsskýrsla** send Skipulagsstofnun
	Álit Skipulagsstofnunar

FRAMKVÆMDALEYFI	
	Undirbúningur umsóknar
	Gæti þurft samþykki OS
	Gæti þurft skipulagsbreytingar
	Samningar við landeigendur
	Mögulegt eignarnám.
	**Framkvæmdaleyfis-umsóknir**
	Sveitarstjórnir gefa út leyfi og auglýsa
	Kæruheimild

	Skrif framkvæmdaraðilaða
	Samráð
	Skipulag
	Staðfesting/ákvörðun/leyfi stjórnvalds
	Kæruheimild
	Samningar

Hugmynd að samþættri málsmeðferð

KERFISÁÆTLUN OG UMHVERFISMAT ÁÆTLANA	
	**Matslýsing umhverfismats**
	Samráð og kynning
	**10 ára langtímaáætlun + umhverfismat**
	**3 ára framkvæmda-áætlun + umhverfismat**
	Samráð og kynning
	**Uppfærð áætlun send OS**
	Samráð og kynning OS
	OS afgreiðir áætlun
	Kæruheimild

AÐALSKIPULAG OG UMHVERFISMAT ÁÆTLANA MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM FRAMKVÆMDALEYFI	
	**Lýsing verkefnis og áætlun um umhverfismat.** Unnið af framkvæmdaraðila, sent til „Stjórnsýslueiningar"
	Kynning og samráð
	Landsnet vinnur umhverfismat allra valkosta, kynnir aðalvalkost og sendir til „Stjórnsýslueiningarinnar"
	„Stjórnsýslueiningin" yfirfer frummatið **og vinnur tillögu að skipulagi** í samræmi við matið
	**Frummatsskýrsla** framkvæmdar/skipulags og tillaga að skipulagi kynnt í samræmi við framlagðan aðalvalkost
	**Matsskýrsla** send til „Stjórnsýslueiningar"
	Stjórnsýslueiningin yfirfer matsskýrslu og uppfærir skipulag. Veitir samþykki fyrir endanlegu skipulagi og umhverfismati, sem heimilar framkvæmdaraðila leyfi fyrir framvæmdum
	Samþykkið er kæranlegt

	Skrif framkvæmdaraðilaða
	Samráð
	Skipulag
	Staðfesting/ákvörðun/leyfi stjórnvalds
	Kæruheimild
	„Stjórnsýslueining"